

Tillaga til bæjarráðs varðandi eflingu miðbæjar á Ísafirði

Undirrituð leggur til að farið verði í vinnu við að efla og glæða meiri lífi í miðbæinn okkar á Ísafirði. Nú standa þar mörg verslunarhúsnæði auð sem setur ekki góðan svip á miðbæinn. Á sumrin fáum við þúsundir gesta í bæinn sem vilja upplifa miðbæjarstemningu og versla í búðum á svæðinu, svo hér eru vissulega tækifæri fyrir ýmiskonar starfsemi. Væri þetta kjörið verkefni fyrir atvinnu- og menningarmálanefnd og hefur Vestfjarðastofa lýst yfir áhuga á að taka þátt í því með Ísafjarðarbæ. Verkefnið myndi þá að mestu leyti felast í að efla verslun, þjónustu og menningu í miðbænum og kanna hvort hægt sé að koma starfsemi í tóm verslunarhúsnæði þar, allavega yfir sumartímann.

Hafdís Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi